

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Mýrasýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Héraðsnefndin í Mýrasýslu hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála innan sýslunnar, eins þótt afréttir eða fénaður er þar gengur sé eign utansýslubúa. Hún sker úr ágreiningi og kærumálum sem til hennar er skotið samkvæmt samþykkt þessari eða skv. gildandi lögum um afréttamálefni á hverjum tíma.

2. gr.

Málefni þau sem nefnd eru í 1. gr. falla undir umsjón og framkvæmd hreppsnefndanna í Mýrasýslu, hverrar í sínum hreppi. Þær skulu gæta þess að samþykktinni sé hlítt, og sé eitthvað vanrækt af því er hún mælir fyrir eða brotið gegn ákvæðum hennar, þá komi fullar bætur fyrir.

Hreppsnefndir, hver í sínum hreppi, taka allar nánari ákvarðanir um fjallskil og aðrar framkvæmdir samkvæmt samþykkt þessari eftir þörfum. Þær hafa úrskurðarvald í öllum ágreinings- og kærumálum innan hrepps, öðrum en þeim er varða upprekstrarrétt eða notkun afréttar.

Þar sem tveir eða fleiri hreppar eða hreppshlutar eiga sameiginlegan afrétt, hafa hreppsnefndir allra þeirra stjórn fjallskilamála á hendi í sameiningu og skulu þær gera með sér samning um framkvæmd þeirra. Oddvitinn í þeim hreppi er rétt sú liggur í, er afrétturinn á að leitast til, skal kveðja til funda þá sem fjalla eiga um slík mál. Á fundum ræður meirihluti atkvæða.

3. gr.

Nú er afréttur innan Mýrasýslu notaður af hreppsfélagi annarrar sýslu, og er þá heimilt að fela hreppsnefndinni í þeim hreppi umsjón og framkvæmd fjallskila á afréttinum. Fer þetta eftir samkomulagi við hreppsnefnd þess hrepps er afréttur liggur í, en að öðru leyti eftir fyrir mælum þessarar samþykktar.

II. KAFLI

Um fjársmalanir á vorum.

4. gr.

Allir sem jörð eða jarðarpart hafa og búfjárhagar fylgja, þar með taldar eyðijarðir, skulu smala á vorum þegar rýja þarf sauðfé eða reka það eða stóðhross í afrétt, allt eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Vanræki einhver slíka smölun er nágrönnum heimilt að smala landið og reka fénað í aðhald til sundurdráttar, en haga skulu þeir framkvæmdum svo að landnotanda verði sem minnst mein af, og aldrei má reka hans eigin fénað úr hagagirðingu nema hann leyfi. Hreppsnefnd getur einnig látið smala landið á kostnað þess er á að gera það. Hreppsnefnd er heimilt að aflétta smölunarskyldu á vorum, telji hún aðstæður mæla með því.

5. gr.

Komi afbæjarfé fyrir við vorsmalanir heimalanda skal umráðandi lands, eða sá sem annast smölun fyrir hann, jafnan láta nágretta vita af órónu fé er þeir eiga. Ef eigandi er lengra frá skal ef unnt er taka af órónu fé og marka ómörkuð lömb gegn sanngjarnri þóknun.

III. KAFLI

Um notkun heimalanda, afréttar og rekstur í afrétt.

6. gr.

Þeir sem afréttarnot eiga eða hafa, mega setja þangað sauðfé sitt þegar árferði og gróður leyfa að mati hreppsnefndar og gróðurverndarnefndar Mýrasýslu. Skal hreppsnefnd tilkynna ábúendum hvenær setja megi fé á afrétt. Hafa má allt sauðfé í heimalandi ef það er girt fjárheldri girðingu eða hreppsnefnd samþykkir. Hreppsnefnd getur skyldað ábúanda jarðar til að setja fé sitt á afrétt telji hún þess þörf.

7. gr.

Stóðhross má reka á afrétt, ef hreppsnefnd eða hreppsnefndir viðkomandi upprekstrarfélags leyfa, að fengnu álitu gróðurverndarnefndar Landgræðslu ríkisins og með samþykki héraðsnefndar.

8. gr.

Enginn má nota annan sameignarafrétt en þann er hann á upprekstur á, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndir leyfi. Enginn má heldur taka hross eða sauðfé í sameiginlegt upprekstrarland af öðrum en þeim sem heimili eiga í því upprekstrarfélagi, enda hafi fénaðurinn verið fóðraður á upprekstrarsvæðinu næstliðinn vetur.

Eigendum eyðijarða er óheimilt að ráðstafa beitarafnotum til utansveitarmanna án leyfis hreppsnefndar.

9. gr.

Enginn má nota sameiginlegt upprekstrarland til annars en sumarþegar fyrir afréttarfénað, nema hann hafi sérstaka heimild til þess. Enginn má taka sauðfé eða ótamin hross úr afrétti, frá því ellefu vikur eru af sumri til fjallgangna, nema hann fái til þess leyfi hreppsnefndar þess hrepps er afrétt liggur í, enda fullnægi hann þeim skilyrðum er hún setur. Ákvæði þetta nær og til þeirra afréttarnota sem nefnd eru í 10. gr.

10. gr.

Nú er afréttarland eða fjalllendi í einkaeign sameiginlegt leitarsvæði með sameignarafrétti, og ætlar eigandi að leigja það öðrum til sumarþegar. Er hann þá skyldur að tilkynna það fyrir 10. júní hreppsnefnd þess hrepps er landið liggur í, og jafnframt skýra frá, fyrir hve margt fénaðar landið er ætlað og hverjir notendur eru. Þó er honum óheimilt að taka annan eða fleiri fénað í landið en hreppsnefnd samþykkir.

11. gr.

Aldrei má án leyfis eiganda eða ráðstöfunar hreppsnefndar reka fénað annarra manna á afrétt, nema víst sé að hann eigi þangað að fara og sé eigi tekinn í heimahögum sínum. Reka skal þannig gegnum heimalönd að sem minnstur bagi verði, og aldrei yfir tún né engi nema ómögulegt sé að fara aðra leið.

12. gr.

Hreppsnefnd hvers hrepps er heimilt að ákveða fyrir eitt eða fleiri ár í senn, hvað íbúar hreppsins, er á afrétt reka, skuli skemmst mega fara með rekstra sína, til þess að sleppa þeim. Þó skal heimilt að skilja eftir á leiðinni allt að 20 kindur úr rekstri ef þær eru örþreyttar og komnar í afrétt þann er þær eiga að ganga á.

13. gr.

Hver sem heimildarlaust rekur fénað í annars manns land, hvort sem það er heimaland eða afréttur, og skilur hann þar eftir, er skaðabótaskyldur til landsnotahafa eftir því sem hæfa þykir.

14. gr.

Ef kindur í rekstri gefast upp á leið til afréttar og þess vegna eða af öðrum ástæðum verður að skilja þær eftir í landi sem ekki er heimilt að láta þær ganga í til beitar, skal eigandi eða umráðamaður þeirra sem skjótast láta umráðamann landsins vita um það og semja við hann, hversu með skal fara. Vanræki eigandi eða umráðamaður fénaðarins þetta skal álíta að hann hafi gerst brotlegur samkvæmt 13. gr.

15. gr.

Nú er afréttarfénaður ekki rekinn í afrétt þá tími er til kominn, eða hafður annarsstaðar, sbr. 18. gr., en skilyrðum ekki fullnægt að álitu hreppsnefndar, og má hún þá láta reka fénaðinn í afrétt á kostnað eiganda eða umráðamanns.

16. gr.

Ef sauðfé eða hross ganga úr afrétti að sumri í búfjárhaga, má sá er fyrir ágangi verður reka fénaðinn aftur í afrétt þann er hann hyggur hann vera úr. Skylt er nágrönnnum hans að gera þetta með honum ef hann kveður þá til. Skal haga rekstri svo að ágangsfénaði verði ekki mein af. Kostnaður við slíkan rekstur í eitt skipti fæst ekki endurgoldinn, en verði að endurtaka slíka vörn fyrir ágangi það sama sumar, getur sá er fyrir ágangi verður gert hreppsnefnd aðvart um það, og skipar hún þá fyrir um smölun og rekstur til afréttar. Kveður hún til þess öðrum fremur þá er fyrir ágangi verða og næstir eru ágangssvæðinu, en öllum sem til eru kvaddir er skylt að hlýða. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóðum eða fjallskilasjóðum þeirra hreppa er eiga eða nota afrétt þann er ágangsfénaður kom frá.

Gangi stóðhross úr afrétti og tolli þar ekki eftir ítrekaðan rekstur, er þeim sem fyrir ágangi verður heimilt að tilsegja þau eiganda, sem þá er skyldur að hirða þau.

Nú er girðing sem hindrar fénað í því að komast úr afrétti og veldur því að hann safnast við slíka girðingu, svo að við örtröð liggur. Er viðkomandi hreppsnefnd þá skylt að hlutast til um að slíkur fénaður sé rekinn aftur í afrétt eða, ef það kemur ekki að haldi, fluttur í heimahaga. Ber henni að kveða nánar á um alla framkvæmd í þessu efni og hvernig fénaði þessum skuli komið til skila.

17. gr.

Nú safnast fénaður að girðingu, sem er því til fyrirstöðu að hann gangi sjálfkrafa á leið til afréttar, og er þá bannað að sleppa honum um hlið nema vitað sé að hann eigi að fara þangað. Ef sá er fyrir slíkum ágangi verður getur ekki á hagkvæmari hátt um samið, þá gerir hann hreppsnefnd í hreppi sínum aðvart um áganginn og ber henni þá að láta smala ágangsfénaði og reka þangað sem hann má vera, á kostnað eiganda, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykkt er nái yfir ágangssvæðið.

IV. KAFLI Um fjallskil og leitir.

18. gr.

Fjallskilaskyldur er hver sá sem á sauðfé, hvort sem það er rekið í afrétt eða eigi. Leyfi hreppsnefnd rekstur stóðhrossa í afrétt, skal einnig gera fjallskil af þeim. Öllum fjallskilakostnaði skal jafnað niður eftir fénaðarfjölda er miðist við tölu vetrarfóðraðra kinda. Hvert hross jafngildir átta vetrarfóðruðum kindum. Skylt er hreppsnefnd ef henni er kunnugt um annan og fleiri fjallskilaskyldan fénað í upprekstrarfélagi en í forðagæsluskýrslu er skráður, að jafna fjallskilum einnig á hann.

Nú er allur fjallskilaskyldur fénaður hafður í afgirtu heimalandi eða eyjum. Er hreppsnefnd þá heimilt að fella niður að hluta eða öllu leyti fjallskilaskyldu af fénaði þessum, enda meti hún vörsluna gilda.

Heimilt er hreppsnefnd, ef afréttarskyldum búpeningi hefur fækkað mjög, að jafna allt að helmingi fjallskilakostnaðar niður á landverð bújarða, eins þó í eyði séu, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda eftir gildandi fasteignamati.

19. gr.

Hver búandi eða húsráðandi er skyldur að halda uppi fjallskilum heimilsmanna sinna gegn fullu endurgjaldi.

20. gr.

Prennar aðalleitir skal gera á hverju hausti til þess að smala til rétta, nema Fljótstunguréttar.

Einnig skal eftir þörfum senda menn til þess að hirða fé og hross í útréttir sem fjárvon er við.

Til Fljótstunguréttar skal gera fyrstu leit fimmtudag, föstudag og laugardag í 21. viku sumars, aðra leit miðvikudag, fimmtudag og föstudag í 22. viku sumars.

Til Pverárréttar skal gera fyrstu leit laugardag og sunnudag sem falla á tímabilið 12. og 13. til 18. og 19. september. Aðra leit laugardag og sunnudag sem falla á tímabilið 19. og 20. til 25. og 26. september. Þriðju leit föstudag og laugardag sem falla á tímabilið 25. og 26. september til 1. og 2. október.

Til Brekkuréttar skal gera fyrstu leit laugardag sem fellur á tímabilið 12. til 18. september, aðra leit laugardag sem fellur á tímabilið 26. september til 2. október og þriðju leit laugardag sem fellur á tímabilið 10. til 16. október.

Til Svignaskarðsréttar skal gera fyrstu leit laugardag og sunnudag sem falla á tímabilið 12. og 13. til 18. og 19. september. Aðra leit skal gera laugardag og sunnudag sem falla á tímabilið 26. og 27. september til 2. og 3. október. Þriðju leit skal gera laugardag sem fellur á tímabilið 10. til 16. október.

Til Grímsstaðaréttar skal gera fyrstu leit laugardag og sunnudag sem falla á tímabilið 12. og 13. til 18. og 19. september. Aðra leit skal gera laugardag og sunnudag sem falla á tímabilið 26. og 27. september til 2. og 3. október. Þriðju leit skal gera laugardag sem fellur á tímabilið 10. til 16. október.

Til Hítardalsréttar skal gera fyrstu leit laugardag og sunnudag sem falla á tímabilið 12. og 13. til 18. og 19. september til 2. og 3. október. Aðra leit skal gera laugardag og sunnudag sem falla á tímabilið 26. og 27. september til 2. og 3. október. Þriðju leit skal gera laugardag sem fellur á tímabilið 10. til 16. október.

Hreppsnefndum er heimilt að gera þriðju leit á öðrum tíma en til er tekinn í þessari grein ef sérstök ástæða þykir til. En hafa verða þær samráð sín í milli þar um svo að samtíma smölun verði sem minnst raskað. Leitinni skal þó jafnan lokið fyrir þriðju rétt.

21. gr.

Í öllum hreppum sýslunnar skal smala heimalönd sem hér segir:

a) Til þriðju réttar.

b) Fyrstu helgi í vetri. Skulu hrútar þá teknir í vörslu og afbæjarfé komið til eigenda. Óskilafé sem þá kann að finnast skal farið með eins og segir í 40. gr.

Auk þess er hver búandi skyldur til að leita heimaland ábýlisjarðar sinnar að hausti, að svo miklu leyti og svo oft sem hreppsnefnd ákveður, og reka skilvíslega til réttar eða annað, allan óskilafénað eftir nánari ráðstöfun hreppsnefndar. Nú er jörð í eyði og færast þá skyldur ábúanda yfir á jarðareiganda.

Vanræki einhver slíka smölun er hreppsnefnd heimilt að láta smala landið á kostnað þess sem á að gera það.

Heimilt er hreppsnefnd að meta til fjallskila haustsmalanir landstórra jarða að meira eða minna leyti, þótt hreppurinn eigi afrétt, enda sé landið ekki varið fénaði annarra.

22. gr.

Nú þykir nauðsyn bera til að leitir fari fram á öðrum tíma en hér er fyrir mælt. Geta þá hreppsnefndir ákveðið annan tíma að fengnu samþykki héraðsnefndar. Breyting þessi má vera með þrennum hætti:

a) Leitartími breytist í öllu fjallskilaumdæminu.

b) Leitartími breytist á svæðinu austan Norðurár og Sanddalsár.

c) Leitartími breytist á svæðinu vestan Norðurár og Sanddalsár.

Komi til breytinga á leitartíma skal leita eftir samstöðu um það við hreppsnefndir í Dalasýslu sem hlut eiga að máli. Náist ekki samkomulag skal haga þannig til að samsmölun verði að minnsta kosti einu sinni á haustinu.

23. gr.

Aukaleitir getur hreppsnefnd látið gera ef henni þykir ástæða til. Hafa skal samráð við hreppsnefndir aðliggjandi svæða um framkvæmd þeirra. Til þeirra leita má gera aukaniðurjöfnun á alla hlutaðeigandi.

24. gr.

Sérhver hreppsnefnd jafnar niður fjallskilum á hreppsþúa sína og þá utanhreppsþúa er fjallskil eiga að gera í hreppnum, nema öðruvísi sé um samið, sbr. 3. gr. Skal niðurljöfnun lokið svo tímanlega að hún geti orðið öllum kunn eigi síðar en sjö dögum áður en leitir byrja. Niðurljöfnun skal birta með fjallskilaseðli.

Í fjallskilaseðli skal skráð hvaða fjallskil hver á að gera það haust, hvernig leitum og réttum skal haga, hver verði leitarforingj og annað því um líkt, eftir þörfum.

25. gr.

Hreppsnefnd eða hreppsnefndir sem sameiginlegt upprekstrarland hafa skulu árlega meta allan fjallskilakostnað upprekstrarfélagsins til peningaverðs. Eftir því mati skal fara, þá eitthvað til fjallskila er greitt í peningum. Tillagi hvers einstaklings til fjallskila skal jafna niður með vinnu eða öðru þess háttar, að svo miklu leyti sem auðveldlega verður við komið. En heimilt er hreppsnefnd, ef hún telur það hagkvæmt, að ákveða að einhver hluti fjallskilatillags greiðist í peningum, án þess þó að jafnað sé á alla eða eftir sömu hlutföllum.

26. gr.

Hreppsnefnd skal árlega kjósa leitarstjóra fyrir hvert leitarsvæði er hún á yfir að segja. Enga aðalleit má gera nema leitarstjóri sé í henni og stjórn henni, enda er leitar mönnum skylt að hlýða fyrirmælum hans. Þá skal hún kjósa réttarstjóra og foringja er stjórn ferðum í útréttir eftir því sem þurfa þykir.

27. gr.

Í gerðabók hreppsnefndar skal jafnan skrá niðurjöfnun fjallskila og allar ákvarðanir er hún gerir viðvíkjandi fjallskilum, leitum, réttum og smölunum.

28. gr.

Hver sem fjallskil á að inna af hendi skal vanda vel tillag sitt, svo sem með því að senda fullgilda og vel útbúna menn í leitir, útréttir og annað því um líkt. Láti einhver farast fyrir að senda mann í leit eða önnur þau fjallskil er hann hefur verið kvaddur til í fjallskilaboði og eigi má fresta, greiðir sá er fjallskilin átti að inna af hendi sem svarar einu og hálfu tillagi því sem vantar.

Ef einhver sendir mann í leit sem leitarforingi og helmingur manna í flokki hans telur óhæfan sökum galla eða ills útbúnaðar, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá er slíkan mann sendir skyldur að borga eins og hann hefði engan sent. Sama gildir um mann í útréttir.

Sannist það eftir á að einhver sem fjallskil á að framkvæma hafi vanrækt verk sitt, getur hreppsnefnd krafist uppþótar frá honum eða þeim er sendi hann, eftir því er hæfa þykir.

29. gr.

Áður en leit byrjar skal leitarforingi gæta þess í hæfilegan tíma, hvort nokkrum manni verði að vísa heim, hvort nokkurn vantar eða annað er til leitarinnar þarf. Kaupir hann þá mann eða annað í stað þess er vantar ef þörf krefur og þess er nokkur kostur.

Leitarforingi hefur á hendi alla stjórn á leitunum. Hann skipar fyrir um hvernig hver leitarmaður hagar göngu sinni, gætir þess að farið sé eftir fyrirskipunum hans, að úr sé bætt ef eitthvað fer óskipulega, að ekki sé illa farið með skepnur, að fatlaðar kindur séu fluttar til byggða, að safnsins sé vel gætt þar til það er komið í rétt og réttarstjóri tekur við stjórn, svo og alls þess er tilheyrir góðu skipulagi í leitum.

30. gr.

Peir sem sendir eru í útréttir skulu hlýða foringja sínum. Hann skal gera það sem unnt er til þess að ekki verði kindur eða hross eftir í útréttum, og fari þar fram töfludráttur má ekki fara frá réttinni fyrir en honum er lokið. Foringi útréttarmanna gætir þess að skepnur sé ekki hætta búin í rekstri, í vatnsföllum, hraungjötum, af ofþreytu og öðru því um líku.

31. gr.

Nú þykir einhverjum niðurjöfnun fjallskila ekki rétt og vill fá leiðréttingu á því. Ber honum þó engu að síður að inna þau af hendi, en hann getur sent rökstudda kæru til hreppsnefndar fyrir lok októbermánaðar og beðið hana lagfæringar. Fjallskilagjöld eru lögtakskræf.

V. KAFLI

Um réttir og réttahöld.

32. gr.

Þessar skulu vera aðalréttir í sýslunni:

1. *Fljótstungurétt.* Leitarsvæði hennar er: Heimalönd allra jarða í Hvítársíðu frá Gilsbakka að Kalmannstungu, að báðum meðtöldum, eins og Hvítá ræður að sunnan og girðingar að vestan og norðvestan að Skammá, svo og afréttur Reykdæla og Hálsasveitar og önnur heiðalönd, að afréttarlöndum Þverárréttar og að löndum Húnvetninga að norðan og jöklum að austan. Fyrsta rétt skal vera sunnudag í 21. viku sumars.

2. *Þverárrétt.* Leitarsvæði hennar er: Öll heimalönd, heiðalönd og afréttarlönd allra jarða í Norðurárdal og Stafholtstungum austan Sanddalsár og Norðurár, svo og allra jarða í Þverárhlið og Hvítársíðu allt að girðingum þeim er áður eru nefndar, að löndum Húnvetninga

að norðaustan og að löndum Strandasýslu og Dalasýslu að norðvestan. Þó getur stjórn Þverárréttarfélags leyft að Lambatungur séu leitaðar til Fljótstunguréttar.

Fyrsta rétt skal vera mánudag sem fellur á tímabilið 14. til 20. september, önnur rétt mánudag sem fellur á tímabilið 21. til 28. september og þriðja rétt mánudag sem fellur á tímabilið 28. september til 4. október.

3. *Brekkurétt*. Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Norðurárdal og Stafholtstungum fyrir vestan Sanddalsá og Norðurá allt að löndum Dalamanna og Borghreppinga að norðan og norðvestan.

Fyrsta rétt skal vera sunnudag sem fellur á tímabilið 13. til 19. september, önnur rétt sunnudag sem fellur á tímabilið 27. september til 3. október og þriðja rétt sunnudag sem fellur á tímabilið 11. til 17. október.

4. *Skarðsrétt*. Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Borgarhreppi og Borgarnesbæ.

Fyrsta rétt skal vera mánudag sem fellur á tímabilið 14. til 20. september, önnur rétt þriðjudag sem fellur á tímabilið 29. september til 5. október og þriðja rétt þriðjudag sem fellur á tímabilið 13. til 19. október.

5. *Grímsstaðarétt*. Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Álftaneshreppi, svo og fjallendi Ytri-Hraundals.

Fyrsta rétt skal vera þriðjudag sem fellur á tímabilið 15. til 21. september, önnur rétt miðvikudag sem fellur á tímabilið 30. september til 6. október og þriðja rétt miðvikudag sem fellur á tímabilið 14. til 20. október.

6. *Hítardalsrétt*. Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd í Hraunhreppi, að undanskildu fjallendi Ytri-Hraundals.

Fyrsta rétt skal vera mánudag sem fellur á tímabilið 14. til 20. september, önnur rétt sunnudag sem fellur á tímabilið 27. september til 3. október og þriðja rétt þriðjudag sem fellur á tímabilið 13. til 19. október. Aðrar og þriðju réttir í Hraunhreppi er heimilt að halda annarsstaðar en í aðalrétt, og heimilt að viðhalda aukaréttum til þess.

33. gr.

Aukaskilarétt má halda í hverju upprekstrarfélagi fyrir sig hvenær sem hreppsnefnd ákveður.

34. gr.

Hreppsnefnd eða hreppsnefndir hverrar fjallskiladeildar skulu sjá um byggingu aðalréttar og tryggja að viðunandi aðstaða sé til sundurdráttar, þar sem slíkar réttir skulu vera. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði eftir samþykkt hreppsnefndar. Þess skal gætt að rétt sé þannig byggð að nægilega stórt rými sé fyrir allt fé er til réttar rekst, og að allir er fjárvon eiga hafi þar nóg dilkrými. Þar séu og dilkar fyrir útréttarfé, ómerkinga og annað óskilafé. Gætt skal þess að rétt sé svo vel byggð og vel við haldið að fé geti ekki sloppið úr henni. Hreppsnefnd eða hreppsnefndir skulu og annast um byggingu leitarmannaskála og húss fyrir leitarhesta, eins vistlega og rúmgóða og þörf er talin fyrir.

35. gr.

Skylt er að leggja til land undir rétt, en engin umráð hefur landeigandi eða landsnotahafi þess vegna yfir réttinni, en þóknun fyrir átroðning á landið við réttahaldið fær hann eftir því sem um semst. Verði ágreiningur ákveður héraðsnefnd gjaldið.

36. gr.

Hreppsnefnd ákveður á hvaða tíma réttahald byrjar. Er þá öllum þeim sem fjárvon eiga við réttina skylt að vera þar til að hirða fénað sinn. Réttarstjóri sér um að allt fari skipulega

framvið réttahaldið og hefur vald til að banna allt sem getur hindrað það eða tafið. Öllum sem í rétt eru er skylt að hlýða skipunum hans og getur hann kært til sekta ef út af er brugðið. Hann getur skipað annan í sinn stað eða sér til aðstoðar ef þörf er á.

Réttarstjóri sér um að ómerkingar séu látnir í sér dilk og gefur hverjum sem þess óskar kost á að láta á helga sér lamb. Hann skal einnig sjá um að hryssur fái að helga sér folöld, þó ekki séu þau látin í ómerkingardilk. Enginn má taka ómerkinga án leyfis réttarstjóra. Enginn má draga sauðfé eða hross, nema látið sé í dilk eða annað aðhald, þar sem auðvelt er að kanna það áður en út er hleypt. Enginn má hleypa út úr dilk fyrir en réttarstjóri leyfir og bótið er að kanna féð eða hrossin, ef réttarstjóri fyrirskipar það. Hreppstjóri þess hrepps er rétt liggur í skal ætíð vera við, þá réttað er, og gæta lögreglu.

37. gr.

Skylt er hverjum þeim, er á von kinda eða hrossa í aðalrétt eða aukarétt réttafélags síns, að hafa þar nægan mannafla til þess að hirða þar fénað sinn. Vanræki einhver þetta er réttarstjóra heimilt að láta hirða fénaðinn og flytja heim á kostnað eiganda.

38. gr.

Þá er réttarstjóri álitur tíma til kominn skal töfludráttur fara fram og markaskrár Mýrasýslu og nærliggjandi sýslna vera við hendina. Allar sauðkindur og hross sem að því loknu hefur ekki verið ráðstafað til eiganda skal fara með sem óskilafé.

VI. KAFLI

Um meðferð óskilafénaðar.

39. gr.

Alla ómerkinga sem eigi hafa fundist eigendur að, svo og allar aðrar kindur sem eftir verða í rétt hverri þá drætti er lokið og ekki er vitað með vissu um eigendur að, skal hreppstjóri í þeim hreppi er rétt liggur í láta færa til slátrunar svo fljótt sem við verður komið. Allt óskilafé sem ætla má að eigendur geti fundist að síðar skal hreppstjóri leggja inn á reikning embættis síns, svo síðar megi greiða út verð hverrar kindar ef eigandi finnst.

Hreppsnefnd kýs tvo fjárglögga menn til að lýsa mörkum og öðrum einkennum á óskilafénaði er eftir verður og ráðstafa þarf. Verði þeir ekki á eitt sáttir um lýsingu á marki kveður hreppstjóri til þriðja mann til þess að skera úr ágreiningnum. Vafaatriða skal þó getið í auglýsingu um óskilafénaðinn.

Nú verður hross (eða nautgripur) í óskilum í lögskilarétt. Skal hreppstjóri þá selja slíka gripi við opinbert uppboð þegar í stað með skilorðum 42. gr. eða ráðstafa þeim á annan hátt um stundarsakir ef hentara þykir.

40. gr.

Óskilafénað sem finnst eða fram kemur eftir allar réttir og verður ekki komið til eigenda, skal tilkynna hreppstjóra í þeim hreppi sem fénaður finnst í, og skal hann að því búnu seldur við opinbert uppboð, svo fljótt sem verða má nema um sauðfé sé að ræða, þá skal það fært til slátrunar.

41. gr.

Nú heimtíur einhver kind með sínu marki, en kannast ekki við hana sem sína eign, þá skal fara með hana sem annað óskilafé.

42. gr.

Þá er óskilahross er selt skal, auk venjulegra söluskilmála, áskilja að eiganda sé heimilt að innleysa það til sín innan tólf vikna frá söludegi. Hið selda hross skal vera í gæslu kaupanda, en ekki á ábyrgð hans fyrr en að innlausnarfresti liðnum.

Gæslukaup og hagatollur telst frá söludegi þar til hross er hirt af eiganda. Komi hross á hús og hey áður en innleyst er, greiðist kostnaður af því eftir samkomulagi. Hreppsnefnd þess hrepps sem hross er selt í sker úr ágreiningi út af kostnaði. Eiganda er því aðeins heimilt að innleysa hross að hann greiði um leið allan áfallinn kostnað.

43. gr.

Eftir hvert uppboð á óskilahrossum skal hreppstjóri, svo fljótt sem verða má, senda auglýsingu til birtingar hreppstjórum í aðliggjandi hreppum. Í auglýsingunni skal getið um kynferði, aldur, lit og auðkenni hins selda, svo og verð, nafn kaupanda og bústað.

44. gr.

Fyrir árslok skal hreppstjóri birta í Lögbirtingablaðinu auglýsingu um óskilafénað með mörkum, er fram hefur komið í hreppi hans á því ári, og þá er ekki útgenginn. Skal í auglýsingu greina mark og auðkenni hverrar skepnu, svo og vafaatriða getið, ef einhver eru, sbr. 39. gr. Ennfremur skal í auglýsingu skorað á rétta eigendur að gefa sig fram og sanna eignarrétt sinn, innan sex mánaða frá auglýsingardegi.

45. gr.

Af andvirði óskilafjár greiðist allur áfallinn og löglegur kostnaður, hverju nafni sem nefnist. Að öðru leyti greiðist andvirði hins selda til hvers þess er þykir hafa sannað eignarrétt sinn innan tiltekins tíma.

46. gr.

Þá er kröfufrestur er úrunninn skv. 44. gr. skal hreppstjóri gera oddvita í hreppi sínum grein fyrir seldum og slátruðum óskilafénaði frá haustinu áður. Andvirði þess fénaðar sem ekki hafa fundist eigendur að, skal hreppstjóri þá inna af höndum til oddvita, að frádregnum kostnaði.

Hafi andvirði ómerkinga, mýétninga eða fjár með óþekkjanlegum mörkum vegna skemmda verið innheimt af hreppstjóra, ber honum að endurgreiða það til oddvita, að frádregnum kostnaði, fyrir lok marsmánaðar ár hvert.

47. gr.

Andvirði ómerkinga og óskilafénaðar er greiðist til oddvitanna í Hvítársíðuhreppi, Þverárhlíðarhreppi og Stafholtstungnahreppi, rennur í sjóð er heitir Fjallskilasjóður Þverárrettar, og skal honum aðallega varið til viðhalds réttinni með tilheyrandi girðingum. Oddviti Þverárhlíðarhrepps gerir árlega reikninga sjóðsins og skulu þeir endurskoðaðir og úrskurðaðir af oddvitum Hvítársíðu- og Stafholtstungnahreppa.

Andvirði ómerkinga og óskilafénaðar í öðrum hreppum sýslunnar rennur í sveitarsjóð hvers hrepps fyrir sig, eins og það er greitt til oddvita, nema viðkomandi hreppsnefnd ákveði annað. Heimilt er þó hreppsnefnd í hreppi er rétt liggur í, að greiða þóknun til marklýsingarmanna og réttarstjóra af óskilafjárverði, er sveitarsjóði eða fjallskilasjóði tilheyrir, og af óskiptu því er skipta á milli hreppa.

VII. KAFLI

Um mörk og litarmerkingar.

48. gr.

Hver maður skal einkenna sauðfé sitt með glöggu marki á eyrum. Hross skal eyrnamarka eða frostmerkja. Lömb skulu eyrnamörkuð, þau er til næst fyrir lok tólftu viku sumars.

Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á horni eða plötu í eyra.

Litarmerkja skal allt sauðfé. Aðrar varanlegar litarmerkingar eru bannaðar.

Hreppsmerki eru:

M 1 fyrir Hvítársíðuhrepp.

M 2 fyrir Þverárhlíðarhrepp.

M 3 fyrir Norðurárdalshrepp.

M 4 fyrir Stafholtstungnahrepp.

M 5 fyrir Borgarhrepp.

M 6 fyrir Álftaneshrepp.

M 7 fyrir Hraunhrepp.

M 8 fyrir Borgarnesbæ.

49. gr.

Búfé skal draga eftir mörkum. Mark helgar markeiganda eignarrétt nema sannist að annar eigi. Enginn má draga sér búpening sem eigi ber hans rétta mark. Við sönnun á eign á búpeningi er frostmerking rétt hæst, þar næst brennimark, þá löggilt plötumerki og síðast eynamark. Eiganda rétthærra marks er skylt að gera grein fyrir eignarrétti sínum, ef eigandi réttlæggra marks krefst þess. Enginn má nota mark annars manns, nema leyfi hans komi til.

50. gr.

Eyrnamörk sem heimilt er að nota eru þessi:

Alheilt, andfjædrað, biti, blaðstýft, bragð, fjöður, gagnbitað, gagnfjædrað, gagnhangfjædrað, gagnhófbitað, gagnstigað, hamrað, hangfjöður, hálf taf, heilgeirað, heilhamrað, heilrifað, hófbiti, hvatrifað, hvatt, lögg, miðhlutað, miðhlutað í stúf, oddfjædrað, sneiðrifað, sneitt, stig, stúfrifað, stýft, stýfthálftaf, sýlt, sýlt í hálf taf, tvíbitað, tvífjædrað, tvíhangfjædrað, tvírifað í heilt, tvírifað í sneitt, tvírifað í stúf, tvístigað, tvístýft.

Óheimilt er að nota markið „gat“ á sauðfé og „netnál“ og „sprett í nös“ á búfé.

Unnið skal gegn notkun annarra marka en að framan eru talin.

Fleiri en tvö undirben má ekki nota sömu megin á eyra. Jafnan skal auglýsa í markaskrá hvaða mörk er leyfilegt að nota.

VIII. KAFLI

Fjárrekstrar, fjárflutningar og förgun á fé.

51. gr.

Þegar hross eða sauðfé er rekið um héraðið skal þess gætt að hverjum rekstri fylgi ætíð nægilega margir og duglegir rekstrarmenn, svo að sem minnstur bagi verði fyrir þá, er þau lönd eiga sem um er rekið eða í er áð. Eigi má leggja upp með slíka rekstra fyrr en markljóst er orðið og eigi má halda áfram að kvöldi, þegar mjög er orðið skuggsýnt, nema brýna nauðsyn beri til.

Þegar fénaður er fluttur á bifreiðum eða tengivögnum skal þess gætt að hann hafi nægilegt rými og að vel fari um hann. Skaða sem hlýst af því að út af þessu er brugðið ber eiganda eða umsjónarmanni rekstursins eða flutningatækis að greiða eiganda fjárins, nema váttrygginga-taki bæti. En sannist það að skaðinn stafi af skeytingarleysi rekstrarmanns eða ökumanns, skal hann sæta sektum.

52. gr.

Stranglega er bannað að svelta fénað, umfram það sem ekki verður hjá komist, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum, flutningi, gæslu, fjallgöngum eða við heimasmölun.

53. gr.

Heimilt er sláturleyfishafa að láta fara fram markaskoðun á öllu fé sem hann lætur slátra. Nú kemur fyrir kind í sláturhúsi sem eigi tilheyrir neinum af þeim er þar eru viðstaddir, eða eigi verður ráðstafað þegar í stað af eiganda, eða öðrum úr byggðarlagi hans, og skal þá forstöðumaður slátrunar ráðstafa kindinni til slátrunar á nafni eiganda, ef kunnugt er hver

hann er. Ef ekki er kunnugt um eiganda slíkra kinda, skal fara með þær sem annað óskilafé í þeim hreppi sem ætla má að þær séu komnar frá. Ef sannað verður hver flutt hafi óráðstafaðar kindur, eða aðra gripi til sláturhúss, með þeim afleiðingum sem af því hljóttast, má gera hann skaðabótaskyldan, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

IX. KAFLI Almenn ákvæði.

54. gr.

Brot gegn fyrirmælum þessarar samþykktar varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, og renna sektir í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þess upprekstrarfélags sem brot er framið í.

55. gr.

Með mál sem rísa kunna út af brotum gegn fyrirmælum þessarar samþykktar skal farið að hætti opinberra mála.

56. gr.

Fjallskilasamþykkt þessi sem héraðsnefnd Mýrasýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 6 21. mars 1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu nr. 377 29. ágúst 1975.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. september 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o.fl.,
nr. 787 13. desember 1983, með síðari breytingum.**

1. gr.

4. gr. breytist þannig:
2. másl. 2. mgr. a-liðar orðist svo: Þetta gildir þó ekki um próf til aukinna ökuréttinda.
 - Í stað „aksturs leigubifreiða til mannflutninga eða fólksflutninga fyrir fleiri en 16 farþega“ í 4. mgr. b-liðar komi: að stjórna hópþifeið eða þifeið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

2. gr.

Í stað „Bifreiðaeftirlits ríkisins“ í 4. mgr. 5. gr. komi: ökunámsdeildar Umferðarráðs.

3. gr.

Í stað „bifreiðaeftirlitsmanni“ í 10. gr. komi: prófdómanda við ökuþróf.